


Afstöðumynd, mkv.1:500

## Stærðir:

| Bæjarholt 14, Laugarási - Bláskógarbyggð. Heildarstærðir (brúttó) mhl.01 | Flatarmál (m2) | Rúmmál (m3) |
|---|---|---|
| Botnplata | --- | 35,5 |
| 1.Hæð | 177,6 | 602,8 |
| **Samtals** | **177,6** | **638,3** |

**Stærð lóðar:** **1.650,0**
**Nýtingarhlutfall:** **0,11 (max 0,20)**

## Hnitaskrá lóðar:

| Punktur | X-Hnit | | Y-Hnit |
|---|---|---|---|
| L17 | 402623.128 | ; | 427366.692 |
| L18 | 402606.307 | ; | 427419.057 |
| L19 | 402634.869 | ; | 427428.232 |
| L20 | 402651.690 | ; | 427375.867 |

## Lýsing:

**Húslýsing:**
Um er að ræða einbýlishús á einni hæð og telst til matshluta eitt á lóðinni að Bæjarholti 14, Laugarási í Bláskógarbyggð. Húsið skiptist í tvær álmur þ.e svefnálmu og almenna álmu sem byggðar eru úr stöðluðum timbureiningum 3 x 12m. Á milli álmanna er svo tengibygging sem er úr steinsteypu.

**Byggingalýsing:**

Gólf og sökklar
Húsið er reist á púða og koma sökklar undir timbureiningarnar. Gólf tengibyggingar er staðsteypt með 100 mm plasteinangrun
Gólf timbureininga eru úr 38 x 184 mm trégrind c/c 400 mm. Gólf eru einangruð með 180 mm glerullareinangrun og klædd með 20 mm krossvið ofan á 0,20 mm rakavörn að ofanverðu og 9 mm OSB plötum að neðanverðu.

Útveggir
Allir veggir timbureininga eru úr 38 x 140 mm trégrind, c/c 400 mm, einangraðir með 140 mm glerullareinangrun. Innveggir eru klæddir beggja vegna með gipsi. Útveggir eru klæddir 0,20 mm rakavörn og 12 mm harðgipsklæðningu að innan en 9 mm OSB plötum, loftunargrind og standard útveggjaklæðningu að utanverðu. Útveggir tengibyggingar eru staðsteyptir og einangraðir að innan með 100 mm einangrun og pússaðir.

Þök
Þök timbureininga eru úr láréttri 38 x 184 mm trégrind, c/c 400 mm einangruð með 180 mm glerullareinangrun. Þvert á trégrind er 50 mm listar nelgdir á grindina og milli þeirra komið fyrir 50 mm glerullareinangrun. Ofan á lista eru negldar 9 mm OSB plötur og ofan á þeim er ásoðinn 1,2 mm Sarnafil dúkur. Ofan á timbureiningum er upstólað kalt óeinangrað einhalla sperruþak klætt borðaklæðningu, þakpappa og bárustáli. Þak tengibyggingar er hefðbundið létt sperruþak, klætt krossvið með ásoðnum tveimur lögum af þakpappa. Þakið er einangrað með 220mm einangrun og lokað af að neðan með 0,20 mm rakavarnarlagi og klætt með 12 mm gipsklæðningu. Lágmarkshalli á þaki tengibyggingar er 1:40

**Útihurðir:**
Útihurðir eru úr ál / timbri með a.m.k. 870 mm umferðarmáli.

Gluggar:
Gluggakarmar og póstar eru úr ál /timbri. Gler er tvöfalt einangrunargler.

Innihurðir.
Hurðir eru úr timbri. Umferðarmál allra innihurða er 870 mm.

**Sorp**
Eitt sorpgerði eru á lóðinni.

**Lóð**
Tvö bílastæði eru á lóðinni samkvæmt mæliblaði.

**Heitur pottur**
Heitur pottur er á sólpalli við suðvesturhlið hússins og verður með áföstu og læsanlegu loki.

**Brunamál**

**Burðarvirki**
Burðarvirki hússins skal uppfylla kröfur skv.byggingarreglugerð .

**Flóttaleiðir**
Að minnsta kosti tvær óháðar flóttaleiðir eru úr hverri álmu og úr öllum svefnherbergjum hússins.

**Öryggisbúnaður vegna brunavarna**
Reykskynjari með hljóðgjafa og handslökkvitæki eru í hverri íbúð, einn skynjari fyrir hverja $80m^2$. Handslökkvitæki eru í húsinu. Staðsetning og fjöldi reykskynjara og handslökkvitækja skal í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar eldvarnareftirlits. Þá er krafa um staðsetningu sjúkrakassa í húsinu

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
20 MAI 2015
Byggingarfulltrúi




Grunnmynd, mkv.1:100

B.05.05.2015 Gólfkóta breytt
A.30.04.2015 B.lýsing uppfærð
BREYTINGAR.

VERKHEITI
**Bæjarholt 14,Laugarási - BSB**
Einbýlishús
Aðaluppdrættir

VERK
Afstöðumynd , grunnmynd

| MÁL: | DAGS.: |
|---|---|
| 1:500, 1:100 / A1 | 21.04.2015 |
| HANNAÐ: | TEIKNAÐ: |
| | Svági |
| YFIRFARIÐ: | |

| VERKNÚMER | FL | TEIKNINGANÚMER | ÚTG |
|---|---|---|---|
| 751-74 | 04 | 1.1-01 B | |

T.ark
TEIKNISTOFAN ARKITEKTAR ehf
BRAUTARHOLTI 6 - 105 REYKJAVÍK - ÍSLAND
SÍMI: 540 5700 - FAX: 540 5701
teiknistofan@tark.is - www.tark.is

SAMÞ. Sverrir Ágústsson Arkitekt FSSA Kt.: 220565-4089

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.

5982